

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 4. febrúar kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 855.
embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates
Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Lilja
Grétarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Iðunnarbrunnur 15, Tvíbýlishús** (26.934.10) Mál nr. BN060509
Skjalnr. 14270
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt
er um leyfi til þess að byggja staðsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum og kjallara að
hluta á lóð nr. 15 við Iðunnarbrunn.
Stærðir: 310.1 ferm., 967.9 rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 24. janúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 2. Langholtsvegur 115, Byggja yfir núverandi svalir** (14.140.03) Mál nr. BN060077
Skjalnr. 6689
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt
er um leyfi til að byggja yfir svalir fyrstu hæðar á vesturhlið húss á lóð nr. 115 við
Langholtsveg.
Stækkun er: 11,7 ferm., 30,5 rúmm. Erindi fylgir útgefið mæliblað dags. 23. september
2005. Samþykki meðeigenda dags. 27. október 2021. Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna
frávika frá gildandi deiliskipulagi og athugasemdum SHS dags. 20. janúar 2022. Gjald
kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 3. Rökkvatjörn 6-8, (fsp) breyting á skilmálum deiliskipulags** (05.052.3) Mál nr. SN210819
Skjalnr. 14012
Lögð fram fyrirspurn Ásgeir Ásgeirsson dags. 15. desember 2021 ásamt bréfi dags. 14.
desember 2021 um breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðanna
nr. 6-8 við Rökkvatjörn sem felst í að heimilt verði að svalir á sunnanverðu fari 800
mm út fyrir byggingarreit.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Köllunarklettsvegur 3 og Héðinsgata 1, 2** (01.328) Mál nr. SN220051
og 3, (fsp) breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 7615
Lögð fram fyrirspurn Arkþing - Nordic ehf. dags. 26. janúar 2022 ásamt bréfi dags. 20. janúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 3 við Köllunarklettsveg og nr. 1, 2 og 3 við Héðinsgötu vegna uppbyggingu á m.a. íbúðum fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og tengda þjónustu, hótels og hótélíbúða, samkvæmt tillögu/hugmyndum Arkþing - Nordic ehf. dags. 1. janúar 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Seljavegur 3A, breyting á deiliskipulagi** (01.133.2) Mál nr. SN210553
Skjalnr. 10439
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Grétars Ólafssonar f.h. eiganda dags. 28. júlí 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi Framnesreits vegna lóðarinnar nr. 3A við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að setja utanáliggjandi svalir á íbúðir húseignar, samkvæmt uppdr. jóni-arkitekta dags. 20. desember 2021. Erindi var grenndarkynnt frá 5. janúar 2022 til og með 2. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
6. **Köllunarklettsvegur 1, breyting á** (01.330.9) Mál nr. SN210759
deiliskipulagi Skjalnr. 10051
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hallgríms Þórs Sigurðssonar dags. 8. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst hækkun á núverandi byggingu úr tveimur hæðum í fjórar hæðir, stækkun á byggingarreit til suðvesturs til að koma fyrir viðbyggingu fyrir flóttastiga og breyting á fjölda bílastæða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021. Einnig er lagt fram skuggavarp Arkþing - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 21. desember 2021 til og með 2. febrúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Arnar V. Arnarsson og Auður Katrín Víðisdóttir, dags. 29. janúar 2022, Diljá Agnarsdóttir og Hrafn Þorri Þórisson dags. 1. febrúar 2022 og Rakel Björk Benediktsdóttir dags. 2. febrúar 2022. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Þórdísi Völu og fjölskyldu dags. 3. janúar 2022 og Maríu Arnardóttur dags. 4. febrúar 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Teigagerði 8, Sótt um að gera viðbyggingu,** (01.816.0) Mál nr. BN059406
kvisti, mænispak bílageymslu Skjalnr. 14494
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt erum leyfi til að byggja viðbyggingu við suðausturgötu, byggja þrjá nýja kvisti á rishæð og mænispak á bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 8 við Teigagerði.
Erindi fylgir bréf hönnuðar með yfirliti breytinga dags. 12. maí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021. Stækkun: 12 ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 252,2 ferm., 661,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Ægisíða 62, breyting á deiliskipulagi** (01.545.2) Mál nr. SN210597
Skjalnr. 13079
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Alternance slf. dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ægisíðu frá Hofsvallagötu að Lynghaga vegna lóðarinnar nr. 62 við Ægisíðu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar sem felst í að byggingarreit er skipt niður þannig að aðalreitur verður í kringum núverandi byggingu og minni reitur fyrir garðskála, samkvæmt uppdr. Alternance slf. dags. 28. maí 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. október 2021 til og með 23. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristjana Stella Blöndal og Ólafur Rastrick dags. 23. nóvember 2021 og Ágúst Borgþór Sverrisson og Kristbjörg Erla Kjartansdóttir. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Kjalarnes, Norðurkot, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220047
Skjalnr. 10244
Lögð fram umsókn Sigurbjörns Hjaltasonar dags. 25. janúar 2022 ásamt bréfi dags. 1. desember 2021 um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Bugamel í landi Norðurkots á Kjalarnesi. Einnig er lagt fram bréf umsækjanda til Skipulagsstofnunar dags. 5. janúar 2021, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu dags. 18. febrúar 2021, yfirlitsmynd yfir efnistökusvæði ódags og hluti úr sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
10. **Laugarnesvegur 74A og Hrístateigur 47, (fsp) hækkun húsa** (01.346.0) Mál nr. SN200125
Skjalnr. 10429
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Steinbrekku ehf. dags. 19. febrúar 2020 um hækkun húsanna á lóðunum nr. 74A við Laugarnesveg og 47 við Hrístateig um eina hæð og eina inndregna hæð, samkvæmt tillögu dags. 17. febrúar 2020. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 4. febrúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Björns Haukssonar dags. 26. ágúst 2020 þar sem óskað er eftir að fyrirspurn verði tekin fyrir á fundi skipulags- og samgönguráðs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020. Lagt fram að nýju 7. janúar 2022 ásamt tillögu teiknistofunnar Stiku dags. 17. febrúar 2020 uppf. í maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022 samþykkt.
11. **Laugarnesvegur 75, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.345.2) Mál nr. SN220046
Skjalnr. 14566
Lögð fram umsókn Önnu Birnu Guðlaugsdóttur dags. 22. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 75 við Laugarnesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna byggingu anddyris á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 3. nóvember 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

12. **Norðlingabraut 2, Verslunnar- og skrifstofuhúsnæði** (47.344.02) Mál nr. BN060405 Skjalnr. 14601
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa tveggja hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði, staðsteypt að mestu, burðarvirki milligólfs og þaks verði stálvirki á lóð nr. 2 við Norðlingabraut. Stærð er: 3.043,3 ferm., 14.979,1 rúmm. Erindi fylgir greinargerð arkitekta, ódagsett og greinargerð brunahönnuðar dags. 21. desember 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Sundagarðar 10, Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi húsnæði** (13.354.03) Mál nr. BN058658 Skjalnr. 5675
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við skrifstofu- og vöruhús til austur og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 10 við Sundagarða. Stækkun: 1.244 ferm., 8.035.9 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.335.4 dags. 12. október 1987, hæðablað dags. janúar 1988 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum stimpluðum 5. apríl 2015. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2021. Gjald kr.11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Vesturgata 32, Stakstæður bílskúr** (11.312.16) Mál nr. BN060485 Skjalnr. 14602
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í norðvestur horni lóðar, undirstöður og botnplata staðsteypt, útveggir og þak úr forsteyptum einingum, ný innkeyrsla og breyting á aðkomu framan við bílskúr við hús á lóð nr. 32 við Vesturgötu. Stækkun: 37,4 ferm., 127,3 rúmm. Gjald kr.12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Úthlíð 11, (fsp) stúdíóíbúðir á baklóð** (01.27) Mál nr. SN220058 Skjalnr. 14600
Lögð fram fyrirspurn Huldu Pálsdóttur dags. 25. janúar 2022 um uppbyggingu tveggja stúdíóíbúða á baklóð lóðar nr. 11 við úthlíð þar sem áður var gert ráð fyrir bílskúr, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Bæjarflöt 19, Stoðveggir, bílastæði o.fl.** (25.784.04) Mál nr. BN060438 Skjalnr. 13881
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. janúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059285, þannig að frágangi lóðar er breytt, stoðveggir settir á milli húsa, bílastæðum fjölgað um 5 stæði, stiga er breytt og gluggum, auk þess sem eignum er fjölgað úr 6 í 7 einingar fyrir hvert hús og stærðir í skráningartöflu fyrir hvern mhl. aukast fyrir hús A, B og C á lóð nr. 19 við Bæjarflöt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Stækkun XX ferm., XX rúmm. Gjald kr.12.600
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.

17. **Drafnarstígur 3, Gera upp og byggja við** (11.342.15) Mál nr. BN060047
Drafnarstíg Skjalnr. 13947
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. janúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. janúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til austurs ásamt því að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun: 70,2 ferm., 224,5 rúmm. Eftir stækkun: 215,4 ferm., 563 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Gjald kr. 12.100
Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2022.
Rétt bókun er:
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Ránargötu 45, Drafnarstíg 5 og Bræðraborgarstíg 10 og 10a.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
18. **Hafnarstræti 15, (fsp) hraðbanki** (01.118.501) Mál nr. SN210630
Skjalnr. 5705
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Helga Más Hallgrímssonar dags. 7. september 2021 um að koma fyrir hraðbanka á baklóð veitingastaðarins Hornsins að Hafnarstræti 15, samkvæmt tillögu Arkþing - Nordic ehf. dags. 19. ágúst 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
19. **Hrísrimi 23-25, (fsp) - Viðbygging** (25.833.03) Mál nr. BN060477
Skjalnr. 14604
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem spurt er um leyfi fyrir 18 ferm. viðbyggingu til suðurs á húsum á lóð nr. 23-25 við Hrísrima.
Stækkun: Nr. 23: 18 ferm., nr. 25: 18 ferm., samtals: 36 ferm.
Erindi fylgir tillaga, grunnmynd hönnuðar dags. 15. janúar 2022.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Lautarvegur 10, Reyndarteikningar** (17.941.06) Mál nr. BN060513
v/lokaúttektar Skjalnr. 13633
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051301 þannig að komið er fyrir reykröri fyrir hverja íbúð á austurhlið og arnar og skorsteinn fjarlægðir, íbúð á 3. hæð hefur verið stækkuð út á svalir, innra skipulagi breytt í kjallara og á 3. hæð og sorpgeymsla færð fram fyrir þríbýlishús á lóð nr. 10 við Lautarveg.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkingun: xx ferm., xx rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.600
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

21. **Óðinsgata 19, Endurnýja hús og fjölga íbúðum** (01.184.516) Mál nr. BN056675
Skjalnr. 13616
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera upp núverandi hús og bæta við einni íbúð á 1. hæð þannig að 3 íbúðir verða í húsinu, tvær íbúðir á fyrstu hæð, ein íbúð á annarri auk þess verður gerður nýr kjallari undir hluta húss á lóð nr. 19 við Óðinsgötu.
- Stækkun er: 90,3 ferm., 382,1 rúmm. Erindi fylgir afrit af teikningu samþykkt 12. febrúar 1927. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. september 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júní 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. desember 2021. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 30. nóvember 2021 og afrit af umsagnarblaði erindis með upplýsingum frá hönnuði ódagsett. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. janúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. janúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. janúar 2022. Gjald kr. 11.200
- Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
22. **Stórholt 18, (fsp) svalir** (01.245.2) Mál nr. SN210795
Skjalnr. 14586
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn Helgu Maríu Jónsdóttur dags. 29. nóvember 2021 ásamt greinargerð dags. um að setja svalir á húsið á lóð nr. 18 við Stórholt, samkvæmt skissu á byggingarnefndarteikningu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022 samþykkt.*
23. **Ármúli 32, Breyta aðkoma - bílastæðum fækkað o.fl.** (12.932.01) Mál nr. BN060505
Skjalnr. 5155
- Breyting á erindi BN057528*
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta aðkomu við aðalinngang, fækka bílastæðum, síkka gluggum á norðausturhlið, bæta við loftræsikerfi á þak bakhúss, inngangur starfsmanna að verönd færður, veggur og hurð við kæli fjarlægður, tilbúinn kæli settur inn í stað þess, lagna/tæknirými stækkað, þrepum bætt við í stað pallalyftu og handlaug færð í blóðtökuherbergi í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.
- Stærð: Óbreytt. Gjald kr.12.600
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
24. **Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi** (01.232.0) Mál nr. SN210351
Skjalnr. 9191
- Lögð fram umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 9. maí 2021 ásamt minnisblaði dags. 30. apríl 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið og íbúðum fjölgað, samkvæmt uppdráttum (5 uppdr.) Tvíhorfs ehf. dags. 3. júní 2021. Einnig er lögð fram greinargerð Andakt arkitekta dags. 28. janúar 2022 þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingu sem orðið hafa síðan tillagan var samþykkt í kynningu m.a. hefur íbúðum fækkað um 2 úr 102 í 100 og salar- og hámarkshæð hækkað um 1-1,65 m vegna hærri salarhæð.
- Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

25. **Eiðsgrandi - Ánanaust, breyting á** (01.5) Mál nr. SN210753
deiliskipulagi Skjalnr. 5357
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir áningastað við Sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færist lega núverandi göngu- og hjólastígs lítillaga, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta, dags. 5. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Íbúaráðs Vesturbæjar dags. 21. janúar 2022.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
26. **Gufunes - skemmtigarður,** (22.---.86) Mál nr. BN060355
Reyndarteikningar - mhl.11 og mhl.12 Skjalnr. 7808
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. janúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og uppbyggingu síðustu ára svo sem gerð gistihúsa innan reits nr. U51 á lóð L108942 við Gufunes. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022 samþykkt.
27. **Leirdalur við Þorláksgesla, ósk um umsögn** (05.1) Mál nr. SN220050
vegna afstöðumála Frisbígolffélags Skjalnr. 12613
Reykjavíkur
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lagt fram bréf Íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 25. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um erindi Frisbígolffélags Reykjavíkur, dags. 18. janúar 2022, er varðar afnot af botni Leirdals til ráðstöfunar fyrir æfingaaðstöðu og frisbígolfbrautir, afnot af lóð umhverfis Þorláksgesla 51 fyrir þúttæfingasvæði og afnot af svæði ofan Leirdal sem skilgreint er í rammaskipulagi Austurheiða fyrir frisbígolfvöll. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. febrúar 2022.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. febrúar 2022 samþykkt.
28. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91) Mál nr. SN210778
 Skjalnr. 8101
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Jafnframt sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lítillaga. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar. Aðrar minni breytingar skv. tillögu má sjá á deiliskipulags- og skýringaruppdráttum teiknistofunnar Storð dags. 16. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Breiðholts dags. 4. janúar 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45.

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir